

12. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Hitt húsið, 30. september 2020, kl. 14:30

Mættir eru: Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Una Hildardóttir (UH) og Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS). **Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS).

Fundarstjóri: Geir Finnsson (GF)

Fundur settur 17:24

Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 11. stjórnarfundar: TI falið að betrubæta og leggja lokadrög fyrir Facebookhóp stjórnar til samþykktar.
2. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
 - 2.1. TI hefur skrifað undir nýjan húsaleigusamning við HH og hefur skrifstofa LUF nú flutt í stærra rými.
 - 2.2. Rannsókn um rekstrarstöðu ungmennafélaga: TI segir frá samningi við sjóðinn og breyttu fyrirkomulagi.
 - 2.3. HVS fundaði með [samskiptaráðgjafa](#): HVS segir frá fyrirhuguðu [kynningarátaki](#). Telur stjórn ekki þörf fyrir aðkomu LUF að skipulagi átaksins, en ákveður að deila öllum upplýsingum því tengdu til aðildarfélaganna. Stjórn fagnar því að samskiptaráðgjafinn komi til með að bæta umgjörð félaga í ungmennageiranum. Stjórn ákveður að aðkoma LUF að slíkri umgjörð verði í formi umsagnar.
 - 2.4. #ÉgKýs 2021: TI hefur talað við frkvstj. SÍF um að hefja undirbúning og ákveðið var að bíða þar til að fulltrúar beggja stjórna geti hist í persónu. SÁS leggur áherslu á mikilvægi #ÉgKýs. Er það einróma ákvörðun stjórnar að halda #ÉgKÝS fyrir Alþingiskosningarnar 2021. TI, SÁS og SÞF er falið að fylgja málinu eftir.
3. **Leiðtogaskólinn:** Frestað til 16.-17. & 30.-31. janúar 2021 vegna hertra Covid-19 aðgerða á höfuðborgarsvæðinu. GF bendir á að jákvætt er að með þessu muni fleiri félög hafa kost á að sækja skólann í janúar, sér í lagi félagsmenn nýrra aðildarféлага.
4. Vinnufundur 22. september um mótun stefnu um tómstundastarf barna og ungs fólks: HVS, UH, SÁS og fulltrúar frá UU og UNICEF sóttu fundinn fyrir hönd LUF.
 - 4.1. SÁS vakti athygli á að margt hefði mátt vera betur gert. Þátttakendur fengu til að mynda ekki aðgengi að drögum né öðrum gögnum um efni fundarins fyrir en fundurinn var byrjaður. Einnig hafði hópurinn sem SÁS vann með enga þekkingu á okkar málaflokki. Sá hópur var þó sammála um að vinnuheiti stefnunnar ætti frekar að vera „stefna um barna- og ungmennastarf“. Hin félögin í hópnum höfðu sameiginlegan skilning á því hvað ætti að flokkast sem Æskulýðsstarf, sá skilningur gerði ekki ráð fyrir starfi LUF og aðildarfélaganna. UH og HVS taka undir og var upplifun þeirra í svipuðum dúr. RE finnst barna- og ungmennastarf einfaldlega ekki heima saman þar sem um er að ræða tvo hópa með gjörólíkar þarfir. Ákveðið var að bíða með formlega gagnrýna á vinnuna og vinnuheitið þar til að lokadrög liggja fyrir.

5. **Rsk-málið:** Beiðni LUF um að breyta nafninu í LUF hafnað af fyrirtækjaskrá. Höfnunin virðist ekki standast þar sem önnur félög eru skráð með skammstöfun þó félagið heiti annað. Fyrirtækjaskrá svaraði á þá leið að um gamla skráningu væri að ræða. Reglum hefur þó ekki verið breytt í millitíðinni og hefur fyrirtækjaskrá ekki heimild til að breyta reglum um skráningu firma án lagabreytinga. Ekki hafa fengist frekari svör frá stofnuninni. Ákvörðunin er kæránleg til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. SHB fékk svör frá umboðsmanni Alþingis um að ekki sé búið að ákveða í hvaða farveg kvörtun LUF yfir afgreiðslu fyrirtækjaskrár, vegna aldurs stjórnarmanna og breytinga á nafni, skuli fara. Beiðni er eftir frekari upplýsingum.
6. **Alþjóðamál**
- 6.1. Boð frá Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (SP): TI og Jökull Ingi Þorvaldsson, Ungmennafulltrúi Íslands hjá SP á sviði barna og ungmenna fengu senda beiðni um [þátttöku Jökuls](#) á stafrænni ráðstefnu ungmennafulltrúanna í tengslu við störf félags- og efnahagsnefndar SP. Jökull var beiðinn um að halda ræðu fyrir hönd Íslands. Var TI falið að tengja hann við Alþjóðanefnd og veita aðstoð eftir þörfum.
- 6.2. UN OSGEY: RE beiðni í lokaðann ráðgjafahóp SP um öryggi og vernd ungs fólks sem vinna í þágu mannréttinda. Allt sem fram fór í hópnum er bundið trúnaði. HVS falið að vera í samskiptum við RE.
- 6.3. Boð frá mennta- og menningarmálaráðuneyti: Óskað er eftir einum fulltrúa frá LUF til að sækja rafrænu ráðstefnuna „European Youth Work“. Senda skal inn tilnefningu fyrir 14. október. SPF tilnefnd og RE til vara. HVS falið að hafa samband við þær.
- 6.4. GF og TTL sóttu [EU Youth Conference](#) fyrir hönd Íslands: TTL greindi frá helstu niðurstöðum og voru þær að:
- 6.4.1. Kenna gagnrýna hugsun í skólum sem viðbrögð við falsfréttum,
- 6.4.2. Lækka kosningaaldur í 16 ára og
- 6.4.3. Tryggja aðkomu ungs fólks að allri stefnumótun og ákvörðunartöku.
- 6.5. RE hélt ræðu á [ráðstefnu Evrópuráðsins](#) um sjálfbærni í borgum fyrir hönd ungs fólks. RE er falið að skrifa frétt fyrir heimasíðu LUF um viðburðinn.
- 6.6. RE er beiðni að taka þátt í TedX – sendir tillögu af ræðu á skrifstofu.
7. **Aðildarmál:**
- 7.1. Aðildargjöld: TI falið að hafa samband við gjaldkera.
- 7.2. Aðildarumsókn [ELSA Iceland](#): Samþykkt með lófaklappi.
8. **Þriðji leiðtogaráðsfundur.**
- 8.1. Samþykkt að halda hann 4. nóvember en skv. samþykktum skal hann haldinn fyrir lok nóvember.
- 8.2. Dagskrá:
- 8.2.1. Áfangaskýrsla stjórnar kynnt. Upplýsa skal um framvindu framkvæmdaáætlunar.
- 8.2.2. Fjárhagsstaða m.v. áætlun kynnt.
- 8.2.3. Vinnuáætlun kynnt til samþykkar.
- 8.2.4. Ungmennafulltrúar hjá SP: TI leggur til að senda beiðni á forsætisráðuneytið um skipun fulltrúa á sviði jafnréttis svo hægt verði að kjósa á næsta fundi leiðtogaráðs. Tillaga að beiðni er samþykkt.

9. **Alþingismál:** SHB falið að vakta samráðsgátt og hvort mál sem LUF vill láta sig varða séu opin til umsagnar. Fyrsta mál er að rýna fjárlög fyrir árið 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 þar sem fjárlög eru opin til umsagna.
10. **Næsti stjórnarfundur:** Miðvikudaginn 28. október kl. 17:15 á Zoom.
11. **Önnur mál:** RE óskar eftir því að fresta ákvörðun um verkreglur fram á næsta stjórnarfund. RE og SÁS kynna Drög að viðbót við vinnureglur stjórnar. TI falið að lesa yfir og útbúa umsóknarform fyrir næsta stjórnarfund. Stjórn samþykkir að hafa verklegur með þessu sniði en endurskoða verkferla fyrir næsta fund.

Fundi slitið: 18:54

TI ritaði fundargerð